Ed. **457. Frumvarp**

til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Flutningsm.: Steingrímur Jónsson.

Landstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestssetrið Húsavík að undanskildu túni og húsum og kirkjujörðina Þorvaldsstaði fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó með því skilorði, að verðið má eigi lægra vera en 24,000 kr. Landstjórnin kveður á um alla söluskilmála.